

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

38. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN MIÐVIKUDAGINN 30 APRÍL 2014.

FUNDARGERÐ.

Mæting:

Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Jón Ólafur Halldórsson, Sighvatur D Sighvatz, Jón Óskar Gunnlaugsson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Helgi Jónsson.

Forföll boðuðu Sigurður Sigurðsson, Júlía Björk Þórðardóttir, Andri Jóhannesson, Haraldur Arnbjörnsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Kjarasamningar.
3. Sambandsstjórnarfundurinn 2014.
4. Ársfundur Stafa.
5. Fundir erlendis.
6. Stjórn Landsambands lífeyrissjóða.
7. Handritskaup.
8. Starfsmannamál RSÍ
9. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kjarasamningar.

Búið er að ganga frá og greiða atkvæði um nokkra kjarasamninga sem gerðir hafa verið að undanfögnu.

Samningarnir voru samþykktir hjá Reykjavíkurborg og HS-Orku, en felldir hjá Landsneti og Rarik.

Atkvæðagreiðslu hjá Landsvirkjun ekki lokið.

Áður voru Elkem-Míla/Síminn-Orkuveitan- búin að samþykkja samningana.

a) Nýjar áherslur í kjaraviðræðum.

Ljóst er að vegna stöðunnar að það getur reynst erfitt að ná samningum sem eftir eru. Svo virðist að ekki sé sátt um þá samningsleið sem mótuð var í upphafi að ná hér fram stöðuleika og auknum kaupmætti.

Staðan varðandi framhald viðræðna er snúin, en engu að síður verður að ná lendingu í samningamálum áður en langt um líður.

Við getum ekki unað við það að launafólk innan ASÍ beri eitt ábyrgð á stöðugleika og lágri verðbólgu á meðan aðrir hópar sæki sér aukna kaupmáttaraukningu með meiri launahækkunum.

Ef árangur á að nást verða allir að standa saman og stefna að sama markmiðinu.

3. Sambandsstjórn.

Gjaldkeri RSÍ for yfir helstu tölur samstæðureikninga sambandsins fyrir árið 2013. Tekjur Sambandssjóðs námu kr. 107.704.344.- og gjöld kr. 114.395.629.- Tap sjóðsins var því kr. 6.691.285.- fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld. Rekstrarafkoma var neikvæð upp á kr. 8.619.209.-

Tekjur Styrktarsjóðs voru kr. 259.950.022.- gjöld kr. 228.643.511.-. Rekstrarafkoma ársins nam kr. 99.176.050.-.

Orlofssjóður tekjur kr. 150.253.266.- gjöld kr. 141.973.084.-

Vinnudeilusjóður hafði árið 2014 kr. 19.728.422.- í vaxtatekjur og verðbætur, engin útgjöld voru hjá sjóðnum.

Menningarsjóður tekjur kr. 30.439.758.- Gjöld kr. 13.771.318.- Hagnaður varð því á sjóðum sem nam kr. 18.101.626.-

Taka þarf til athugunar vegna stöðu sumra sjóða hvort mögulegt sé að færa fé milli sjóðanna til að jafna stöðu þeirra.

Skýrsla miðstjórnar.

Formaður RSÍ fór yfir og kynnti skýrslu miðstjórnar fyrir árið 2013 sem lögð verður fram á Sambandsstjórnarfundum í Stykkishólmi sem haldinn verður dagana 9. og 10. maí.

4. Ársfundur Stafa.

Ársfundurinn verður haldinn 15. maí n.k. Vegna nýrra laga um kynjakvóta var ákveðið að fjölga aðalmönnum í stjórn í 8 og 4 til vara.

Fulltrúar RSÍ til stjórnarsetu lífeyrissjóðsins 2014-2015 (eða 2016) eru:

Aðalmenn:

Guðmundur Gunnarsson og Jakob Tryggvason.

Varamaður:
Bára Halldórsdóttir.

Umræður urðu um þær auknu kröfur sem gerðar eru til stjórnarmanna lífeyrissjóða af hálfu FME. Vætanlegir stjórnarmenn verða að læra og kunna öll helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórnun slíkra fjármálafyrirtækja eins og lífeyrissjóðum.

5. Fundir erlendis.

Boð hefur borist um að senda fulltrúa á ráðstefnuna „Global Power Trade Unions“ sem haldinn verður í Danmörku 4. og 5. september n.k.

Samþykkt að senda 2-3 fulltrúa á þennan fund. Formanni gefið það vald að velja fulltrúa til fararinnar.

Þá verður þing UNI haldið í Suður-Afríku dagana 7.-10. desember n.k. Samþykkt að manna þá ráðstefnu líka.

Síðast var haldið UNI-þing 2010 og þá fóru 3 fulltrúar frá RSÍ

6. Landsamband Lífeyrissjóða.

Samþykkt að styðja Guðmund Gunnarsson sem fulltrúa Stafa í stjórn Landssamband Lífeyrissjóða.

7. Handritakaup.

Ekki er enn búið að ganga frá kaupum á handriti um „Sögu rafiðnaðarins“ Formanni og gjaldkera falið að ganga frá „drögum“ að samningi sem lagður verður fyrir miðstjórn til samþykktar eða synjunar.

8. Starfsmannamál.

Búið er að auglýsa eftir bókara í stað Birnu og hafa nokkrar umsóknir borist nú þegar. Þá hefur Svava ákveðið að segja upp störfum.

Samþykkt var að heimila formanni að ráða til starfa sumarstarfsmann til að létta undir á skrifstofunni í sumar ef mögulegt er.

9. Önnur mál.

Unnið er að því að klára „Straumlínu.is“ til að hægt verði að opna vefinn formlega á sambandsstjórnarfundinum.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 14.57

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.